

REGLUGERÐ um umferðaröryggisgjald, nr. 681/1995

1.gr.

Við almenna skoðun ökutækis, skráningu ökutækis og skráningu eigendaskipta að ökutæki skal greiða sérstakt umferðaröryggisgjald er renni til Umferðarráðs.

Gjaldið nemur 200 kr. fyrir hverja skoðun eða skráningu skv. 1.mgr.

2.gr.

Þeir sem heimild hafa til að annast almenna skoðun (aðalskoðun) ökutækja skulu annast innheimtu umferðaröryggisgjalds vegna skoðunar um leið og innheimt er gjald fyrir skoðun hverju sinni.

Bifreiðaskoðun Íslands hf., Skráningarstofa, annast innheimtu umferðaröryggisgjalds vegna skráninga um leið og innheimt er gjald fyrir skráningu hverju sinni.

3.gr.

Þeir sem innheimta umferðaröryggisgjald skulu skila innheimtu umferðaröryggisgjaldi í ríkissjóð mánaðarlega og eigi síðar en 15. dag næsta almanaxsmánaðar.

4.gr.

Reglugerð þessi sem er sett skv. 3. mgr. 115 gr. umferðarlaga nr 50 30. mars 1987, sbr. 1.gr. laga nr 147 28.desember 1995, öðlast gildi 1. janúar 1996.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um umferðaröryggisgjald nr. 6 9. janúar 1995.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. desember 1995

Þorsteinn Pálsson

Ólafur W. Stefánsson